

Ágætu þinggestir.

Það er mér heiður að fá að ávarpa fertugasta og sjöunda þing BSRB sem haldið er undir yfirskriftinni Afl í þágu almennings.

Einhvers staðar las ég að til væri kínversk bölbæn sem hljóðaði eitthvað á þá leið: megir þú lifa áhugaverða tíma. Og það verður ekki annað sagt en að síðustu ár hafi verið áhugaverð í meira lagi. Á fimm ára tímabili hafa dunið á okkur margvísleg áföll. Stórt flugfélag varð gjaldþrota og hjó stórt skarð í ferðaþjónustuna hér á landi, endurtekin eldgos og jarðhræringar hafa leitt til rýmingar á heilu bæjarfélagi, við þurftum að berjast við mesta heimsfaraldur frá árinu 1918, það er stríð í Evrópu sem auk þess að kosta mannlíf leiddi af sér mestu orkukrísu sem álfan hefur staðið frammi fyrir frá því 1970 og auk þess virðumst við ramba á barmi allsherjarstríðs í Miðausturlöndum. Við lifum sannarlega á áhugaverðum tímum.

Allt hefur þetta fært íslensku samfélagi umfangsmikil verkefni að fást við. Og ég held að við getum sem samfélag verið stolt af því hvernig við höfum tekist á við þær áskoranir sem við höfum fengið í fangið.

Þegar heimsfaraldurinn skall á bjuggum við að því að ríkissjóður stóð sterkt. Við gátum nýtt afl hans til þess að styðja við afkomu fólks á meðan atvinnulífið var í hægagangi. Á þessum erfiðu tímum stóðu fjölmargir félagar BSRB vaktina og sinnti mikilvægum störfum fyrir grunnstoðir samfélagsins. Fyrir það getur samfélagið verið þakklátt.

Ólíkt mörgum nágrannalöndum okkar var hagkerfið fljótt að ná sér eftir heimsfaraldurinn. Kaupmáttur hefur haldið sér mun betur en í samanburðarlöndum og atvinnuleysi er lítið. Á meðan aðrar þjóðir berjast við að slá í klárinn þá höfum við þurft að grípa í taumana. Og eins og hestamenn þekkja þá er aldrei gott að rífa fast í tauminn. Við tókum í hann af festu og mýkt og náum þannig góðri stjórn á aðstæðum. Þessi ábyrga stefna sem ríkisstjórnin hefur mótað í fjármálaáætlun og fjárlögum miðar að því að lendingin verði mjúk. Engar kollsteypur. Ekkert fjöldaatvinnuleysi. Örugg skref í átt að jafnvægi.

Þessi staða væri ekki möguleg ef efnahagsstefna síðasta áratugar hefði ekki einblínt á að styrkja grunnstoðirnar sem eru:

Ábyrg ríkisfjármálastefna, sem tryggir að ríkissjóður getur beitt sér gegn áföllum.

Lágt skuldahlutfall heimila og fyrirtækja sem er nálægt sögulegu lágmarki.

Að tryggja að hagkerfið, ríkissjóður, einstaklingar, fyrirtæki, skuldi ekki óhóflega í erlendri mynt.

Gott jafnvægi á viðskiptum við útlönd

Sterk erlend eignastaða

Traust bankakerfi.

Það er engin spurning að róðurinn er þungur hjá mörgum. Við höfum lagt mikla vinnu í að greina hvaða hópar það eru sem verðbólgan og vaxtastigið bitnar mest á. Byggt á þeirri vinnu hönnuðum við stuðning við langtímakjarasamninga þannig að hann beindist til þess hóps. Þetta eru barnabætur, fæðingarorlofsgreiðslur, sérstakur vaxtastuðningur, gjaldfrjálsar skólamáltíðir og fleira væri hægt að nefna.

Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á gott samstarf við samtök launafólks. Þeir samningar sem undirritaðir voru á almennum markaði í vor og nefndir hafa verið stöðugleikasamningarnir eru gríðarlega mikilvægur þáttur í baráttunni við verðbólguna. Ekki aðeins vegna þess að niðurstaðan var hófsöm heldur ekki síður vegna þess að samningarnir fólu í sér sameiginlega sýn á hvert meginvandamálið væri: Verðbólgan. Aðilar hringinn í kringum samningaborðið á almennum og opinberum markaði sýndu framtíðarsýn, sýndu hugrekki og síðast en ekki síst sýndu samningarnir að það rétti traust milli aðila. Og það er kannski stærsti sigurinn.

Ég nefndi áðan hluta af þeim aðgerðum sem stjórnvöld komu með að borðinu til að tryggja hófsama samninga. Ég vil einnig nefna sérstaklega á þessum vettvangi áframhaldandi stuðning stjórnvalda við vinnu gegn kynbundnum launamun á íslenskum vinnumarkaði. Stjórnvöld hafa tryggt Jafnlaunastofu fjármagn til að fylgja eftir skýrslu starfshóps um virðismat starfa til að þróa virðismatskerfi sem samræmist markmiðum um launajafnrétti, gæði opinberrar þjónustu og stefnumiðaðrar mannauðsstjórnunar. Samstarf um þessi markmið sýna vel hversu gott samstarf stjórnvalda við samtök launafólks eins og BSRB getur verið.

Verðbólgan er vandamálið. Og við erum að ná miklum árangri í baráttunni við hana og munum ná áfram. En þetta útheimtir það að við fylgjum þeim áætlunum sem við höfum lagt fram og eru farnar að ná niður verðbólgu og vöxtum.

Það eru nefnilega ekki bara við sem segjum að þetta sé allt að koma. Alþjóðlegar stofnanir og matsfyrirtæki eru sammála því mati. Þetta er að gerast. En við verðum að halda áfram og megum ekki gefast upp á lokametrinum að settu marki.

\*\*\*

Þetta er allt að koma var yfirskrift fjárlagafrumvarpsins sem ég mælti fyrir á Alþingi fyrir tæpum þremur vikum. Það skref sem Seðlabankinn steig í morgun með lækkun stýrivaxta staðfestir þá fullvissu mína og ríkisstjórnarinnar að það eru bjartir tímar framundan.